

Skýrsla

um skólahald á Litla-Hrauni á vorönn 2009

Á Litla-Hrauni hófst kennsla á vorönn 12. janúar en föstudaginn áður höfðu stundaskrár og námsgögn verið afhent. Þá höfðu 39 nemendur innritað sig til náms, ýmist við FSu eða aðra skóla. Fimm nemendur áttu eftir að bætast við heildartöluna, en áður en það gerðist höfðu nokkrir yfirgefið hópinn. Sex nemendur hugðust eingöngu stunda fjarnám við aðra skóla en FSu, þar af fjórir nám á háskólastigi. Einn nemandi stundaði fjarnám við Háskólann á Akureyri en lauk jafnframt 13 einingum við FSu, þar af 7 í meistaraskólanum.

Eins og fyrir séð var, varð verulegur niðurskurður á námsframboði á Litla-Hrauni. Nýstofnuð grunndeild rafiðna var lögð af svo og log- og rafsuðuáfangar. Hvorki var boðið upp á kennslu í dönsku né lífsleikni, eins og fyrirhugað hafði verið og staða nýráðins náms- og starfsráðgjafa var skorin niður í 50% og var eingöngu ætlað að þjóna Fangelsinu Litla-Hrauni. Einn nemandi sótti nám í grunndeild rafiðna fjóra dag í viku og lauk sínum áföngum þar með glæsibrag.

Af þeim 38 vistmönnum, sem innrituðust í eitthvert nám við FSu á vorönn 2009, luku 28 einhverjum prófum. Samtals lögðu þeir undir 278 einingar og náðust 192 þeirra. Margar hinna glötuðu eininga glötuðust vegna þess að nemendur mættu ekki í öll þau próf sem þeir voru skráðir í. Helgaðist það ýmist af því að þeir höfðu losnað úr vistinni á önninni án þess að ná að ljúka öllum áföngum eða vegna núverandi skráningareglna í Innu. Rétt er þó að geta þess hér, að aldrei hafa jafn margir nemendur, sem losnuðu á tímabilinu janúar – apríl, lokið jafnmörgum einingum á önn fyrir losun eins og nú. Jafnframt er þetta mesti fjöldi nemenda sem ljúka einingum á einni önn við FSu á Litla-Hrauni.

Auk þess luku þrír nemendur, sem við upphaf annarinnar voru vistaðir á Litla-Hrauni, allmörgum áföngum á háskólastigi, þar af lauk einn skilgreindri braut á háskólastigi og hlaut viðurkenningu við útskrift frá sínum skóla fyrir bestan námsárangur í þeim útskriftarhópi.

Sex kennarar komu reglulega að Litla-Hrauni auk kennslustjóra og náms- og starfsráðgjafa í 50% starfi og kenndu þeir samtals 13 kennslugreinar, sumar hverjar upp á marga áfanga. Að auki sáu níu kennarar um fjarnámsáfanga, en þurftu aldrei að koma í fangelsið.

Eins og lesa má um á heimasíðunni www.fangelsi.is var gerður dagamunur á Litla-Hrauni í vorblíðunni 20. maí, en þá var skólanum þar slitið. Virtust viðstaddir vel kunna að meta það.

Ákveðið hefur verið að starfrækja sumarskóla í fjarnámi í samvinnu við Verzlunarskóla Íslands og hefur Anna Fríða Bjarnadóttir, náms- og starfsráðgjafi, komið að undirbúningi þess. Sumarskóli þessi er þó ekki neitt á vegum FSu og mun starfsfólk á Litla-Hrauni sjá um að þeir sjö nemendur, sem innritaðir hafa verið í einhverja áfanga, komist á netið tvisvar í viku til að hlaða niður efni og skila. Verzlunarskólinn notast við námsumhverfið WebCT.

Ákveðið hefur verið, að innheimta ekki gjald fyrir mat á námi úr sumarskólanum hjá þeim vistmönnum sem kunna að útskrifast frá FSu.

Frá því í september sl. hefur Inga Guðrún Kristjánsdóttir, mastersnemi í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á fræðslustarf og stjórnun, kynnt sér fræðslustarf meðal fanga. Hyggst hún taka það fyrir í mastersverkefni sínu og hefur í því augnamiði átt viðtöl við einstaka fanga og hafa náms- og starfsráðgjafi og undirritaður haft milligöngu um þau mál.

Gert í júníbyrjun 2008.

Ingis Ingason, kennslustjóri á Litla-Hrauni